



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2025

ÞÝSK1CC05

Kennari:	Brynja Ingadóttir (brynja@fsu.is)	Sk.st.	BI
-----------------	--	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Viðfangsefni undanfaranna eru rifjuð upp og sett í nýtt samhengi. Áfram er unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun, þar sem fléttað er inn í kennsluna menningu þýskumælandi landa. Orðaforðinn er aukinn og ný málfræðiatríði þjálfuð. Til að æfa þessi atríði geta eftirfarandi efnispættir legið til grundvallar:

Fatnaður og fatakaup, persónuleiki og útlit fólks, að lýsa herbergi sínu eða híbýlum, nám og störf, stutt kynning á skólakerfi viðkomandi landa, nám erlendis og að sækja um vinnu. Aðrir efnispættir geta verið hátíðir og viðburðir, að semja boðskort og svara slíku, senda sms og tölvupóst, svo og fjölmiðlar, þ.e. kynning á útvarpi, sjónvarpi, dagblöðum og tímaritum viðkomandi landa.

Áhersla er lögð á að nemendur tjái sig sem mest á þýsku í töluðu og rituðu máli. Einnig er lögð áhersla á að nemendur beri ábyrgð á sínu eigin námi og sýni sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skapandi hugsun

Undanfari: ÞÝSK1BB05

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins
- mannlífi, menningu og siðum í löndum þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál og þekkja samskiptavenjur
- grundvallarþáttum málkerfisins
- formgerð og byggingu texta og mismuninum á töluðu og rituðu máli

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og áheyrilega
- lesa ýmiss konar texta á eigin áhugasviði eða texta um kunnugleg efni og beita viðeigandi aðferðum eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni
- taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og beita kurteisisvenjum, málvenjum og hljómfalli við hæfi
- beita orðaforða á skýran hátt með því að beita málvenjum, framburði, áherslum og hljómfalli á sem réttastan hátt
- skrifa samfelldan texta um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og nota viðeigandi málfar
- fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi sínu

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgjast með frásögnum og erindum og ná aðalatriðum úr fjöl- og myndmiðlum ef efnið er kunnuglegt
- afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér í náminu
- tileinka sér aðalatriðin í stuttum tímarits- eða blaðagreinum og geta dregið ályktanir af því sem hann les
- lesa skáldskap af hæfilegu þýngdarstigi og tjá skoðun sína
- takast á við margvíslegar aðstæður í almennum samskiptum, beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum og halda samtali gangandi
- miðla eigin þekkingu, skoðunum og tilfinningum sem og persónulegri reynslu, vonum og væntingum
- útskýra og rökstyðja ákvarðanir og fyrirætlanir sem og gera málamiðlanir
- miðla efni sem hann hefur aflað sér þekkingar á
- skrifa um atburði, ímyndaða og raunverulega
- skrifa samantekt byggða á tilteknu efni, s.s. kvikmynd eða blaðagrein
- skrifa um hugðarefni sín og áhugamál

Námsefni:

- **Netzwerk neu A1 (Klett/Langenscheidt) Lesbók og vinnubók**
- **Lausblaðamappa A4 (frá fyrri önnum) og laus blöð**
- **Efni frá kennara, t.d. smásögur og greinar**
- Orðabók: www.deis.dict.cc , www.snara.is
- Gagnvirkar æfingar í Innu

Verkefnaskil:

Í þessum áfanga er símat og ekki lokapróf. Það er því mikilvægt að nemendur sinni náminu vel alla önnina, taki öll próf og skili öllum verkefnum. Unnið er út frá niðurstöðum þeirra að betri vinnubrögðum og aukinni færni í tunumálinu.

Námsmatið byggir á öllum færnisþáttum tungumálsins; **hlustun, lesskilningi, munnlegri færni og ritun.** Eftir hvern kafla í kennslubók verða próf úr málfræði og orðaforða kaflans og einnig verða unnin hlustunar- og ritunarverkefni og munnleg próf/verkefni sem tengjast efni kaflanna.

Unnin verða verkefni úr smásögum og lesnar greinar og verkefni unnin úr þeim.

Kennsluefni áfangans (utan kennslu- og verkefnabókar) er aðgengilegt nemendum í Innu.

Mikilvægt er að nemendur nýti sér það efni við gerð verkefna og undirbúnings fyrir próf.

- Öllum verkefnablöðum skulu nemendur safna í tímaröð í möppu.
- Möppuna og kennslubækur eiga nemendur alltaf að hafa með í kennslustund.
- Missi nemandi af kennslustund ber honum að vinna verkefni tímans skv. áætlun í Innu.

Góð mæting, virk þátttaka í kennslustundum og sjálfstæð vinnubrögð eru lykillinn að árangri í námi.

Verði nemandi uppvís að því að nota google translate í verkefnum fær hann einkunnina 0 fyrir verkefnið.

Heimanámi skulu nemendur sinna vel.

ATH!

Mætingarskylda er bæði í fjarnámi og staðnámi, nema tilkynning berist um annað. Ef kennslustund fellur niður, eru verkefni í Innu sem nemendur eiga að vinna og skila. Ef nemandi missir af prófi eða tímaverkefni ber honum að ljúka því í skraftíma eða semja um tímasetningu þess við kennarann. Nemendur verða að fylgjast vel með í Innu.

Áætlun um yfirferð á önninni:

Tímabil:	Viðfangsefni:	Próf / verkefni:
15. jan. – 16. feb.	Netzwerk neu Kafli 8 Hlustunarverkefni	Próf úr 8. kafla Ritun 1 Hlustunarverkefni Munnlegt verkefni 1
17. feb. – 23. mars (Kátir og Flóafár 19. – 21. Mars)	Netzwerk neu Kafli 9 Hlustunarverkefni Textalestur: Greinar	Próf úr 9. kafla Ritun 2 Hlustunarverkefni Munnlegt verkefni 2
24. mars – 11. apríl (Páskafri 12. – 21. apríl)	Netzwerk neu Kafli 10 Hlustunarverkefni Textalestur: Greinar Hlustun: Smásögur	Próf úr 10. kafla Ritun 3 Hlustunarverkefni Smásöguverkefni 1 og 2
22. apríl – 15. maí.	Netzwerk neu Kafli 11 Hlustunarverkefni Textalestur: Líttlestarbók Hlustun: Smásögur	Próf úr 11. kafla Munnlegt próf Ritun 4 Hlustunarverkefni Smásöguverkefni 3 og 4

Námsmat:

Kaflapróf	40%	Munnleg færni	15%
Hlustun og smásögur	20%	Ritun	15%
Textalestur	10%		

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 14. Janúar 2025

Brynja Ingadóttir